



Fundargerð 21. ágúst 2017

Fundur bráðabirgðastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn mánudaginn 21. ágúst 2017 í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru úr stjórn: Sólveig Anna Jónsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sanna Magdalena Mörtudóttur, Ásta Dís Guðjónsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sigurður H. Einarsson og Viðar Þorsteinsson.

Benjamín Júlían var staddur erlendis.

Gestir fundarins úr röðum félagsmanna voru Katrín Baldursdóttir, Birna Gunnarsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir.

1 · Fundargerð síðasta fundar

Ritari, Viðar Þorsteinsson, hafði enn ekki sent frá sér fundargerð síðasta fundar sökum anna. Viðar kippir því í liðinn hið snarasta.

2 · Sósíalistaping

Gunnar Smári minnti á að aðeins rúmur tveir mánuðir eru til Sósíalistapings. Rætt var opið um hvers konar strúktúr og virkni mætti sjá fyrir sér fyrir flokkinn, enda tímabært að hugsa um þetta og byrja að aðhafast um leið og stefnumótunarstarfið byrjar að rúlla af sjálfsdáðum.

Rætt var um sellurnar, hvers konar aðhald og hvatningu þær gætu þurft frá stjórn. Mikilvægt að fólk í sellunum upplifi að það hafi áhrif. Rætt um þann möguleika að yfir sellum verði sjálfstæð „félagastjórn“, en stefnumörkun fari fram á Sósíalistapingi og ef til vill hjá framkvæmdastjórn þess á milli. Umræðan var almenn og mun halda áfram.

3 · Stefnumótunarstarf

Lota 1 (afstaðin)

Um helgina fór fram Lota 1 í stefnumótunarstarfinu, og var hún rædd ítarlega. Dagskráin fór fram milli klukkan 10:00 og 15:00 í Rúgbrauðsgerðinni. Hóparnir voru að endingu talsvert minni en hinn upphaflega áætlaði fjöldi sem var 30. Það virðast um 12-15 manns hafa mætt í hvern hóp. Katrín, Hallfríður og Birna, sem allar voru umræðustjórar í hópum, fóru hringinn og sögðu frá sinni upplifun.

Katrín var með 15 manna húsnæðismálahóp. Hún sagði hafa gengið mjög vel. Fólkið sjálft ánægt og mætti til leiks vel upplýst og lagði margt til. Katrín mat það svo að stærðin á hóp hennar hefði ekki mátt vera stærri. Stærðin hafi verið mátuleg og stuðlað að góðu flæði í umræðum.

Hallfríður var með 12 manns í heilbrigðismálahóp. Hún sagði hópinn hafa verið mjög flottan, fólkið það hvert öðru frjórri og skemmtilegra. Ritari var skipaður úr hópnum. Hallfríður sagði að í hópnum hafi allir lagt til mála, og að hún hafi sjálf gætt þess að stuðla að því. Samhljómur var í hópnum um ákveðin atriði, atriði sem fólk virkilega sameinaðist um. Áhugavert var að fólk var sammála um að líta þurfi á of mikið vinnuálag sem heilbrigðismál. Fólk lýsti sínu draumaheilbrigðiskerfi og lagði grunn að spurningum til sérfræðinganna í næstu lotu. Hallfríður sagði það hafa verið gott fyrir hópinn að ræða ekki bara um galla og vandmál heldur einnig um það góða í heilbrigðiskerfinu. Hallfríður minnti á mikilvægt praktískt atriði sem er að seinni tímamörk funda séu skýr, af tillitssemi við þá sem hafa skyldum að gegna gagnvart börnum eða öðru.

Birna var með hópinn um sameiginlega sjóði. Birna sagðist gjarnan hafa viljað fá meiri undirbúning og/eða einhvers konar brýningu til meðlimanna fyrir fundinn enda málefnið frekar opið og teygjanlegt. Sólveig Anna tók undir þetta og vísaði til samtals við félagsmann sem lét í ljós svipað sjónarmið. Birna nefndi einnig að talsverð pólitísk breidd hefði verið í hópnum og fólk í sumum tilfellum á öndverðum meiði um grundvallaratriði á borð við þjóðnýtingu. Hallfríður skaut því að slík breidd væri mögulega af hinu góða og gæti leitt fram frumleg sjónarmið og lausnir, og minnt var á að hlutverk umræðustjóra væri ekki að stjórna pólitískri stefnu umræðnanna. Í hópnum var mikið rætt um lífeyrissjóðamál og auðlindamál. Birna sinnti sjálf starfi ritara fyrir hópinn. Flestir úr hópnum ætla að mæta á Lotu 2 en einhverjir afboðuðu sig vegna ferðalaga erlendis. Fram kom spurning hvort hægt væri að streyma Lotu 2 til fjarstaddra í gegnum netið.

Benjamín Júlían var umræðustjóri lýðræðishópsins, en í fjarveru hans sagði Sigurður H. stuttlega frá hópnum en svo vill til að Sigurður valdist í hann. Hópurinn var um 12-15 manns og var skemmtilegur að sögn Sigurðar. Fundurinn var góður, farið var vítt og breitt í málin en Benjamín stóð sig að sögn Sigurðar einkar vel sem fundarstjóri. Rætt var um málefni á borð við stjórnarskrá, slembival, samfélagsbanka, tengsl lýðræðis og jöfnuðar, lýðræði í menntakerfinu, lýðræðisuppeldi

barna (jafnvel á leikskólum), tjáningarfrelsi, gagnsæi, persónukjör, hvort landið ætti að vera eitt kjördæmi, vanda þess að stofnanir hafi eftirlit með sjálfum sér, spillingu, lýðræðishalla í lífeyrissjóðunum og lýðræði sem andstæðing peningaræðis. Samþykkt var í hópnum að meðlimirnir myndu vera tilbúnir með spurningar til sérfræðinga í næstu lotu. Allir í hópnum tóku til máls að sögn Sigurðar.

Almenn niðurstaða og upplifun viðstaddra var að Lota 1 hefði heppnast afar vel og að í flokknum væri mikill mannauður, klárt og vel upplýst fólk sem hefur mikið fram að færa. Þá var almenn samstaða um að rétt ákvörðun hafi verið að efna til slembivalds fremur en að hópar yrðu skipaðir þeim sem bjóða sig fram af eigin frumkvæði.

Lota 2 (væntanleg)

Gunnar Smári tók þá við og ræddi um næstu Lotu, Lotu 2, sem fram fer næstu tvær helgar (heilbrigðis- og lýðræðismál helgina 26.-27 ágúst; húsnæðis- og samfélagssjóðamál helgina 2.-3. september) og gerði grein fyrir stöðunni á undirbúningi hennar. Rætt var almennt og praktískt um fyrirkomulag, dagskránnu o.s.frv.

Viðar innti eftir því hvort lagðar hefðu verið fram óskir um ferðastyrki. Svo er ekki. Umræðustjórar voru minntir á að beina fyrirspurnum frá hópmeðlimum um ferðastyrki til stjórnar.

Þeir sem annast framkvæmd Lotu 2 munu svo funda aftur seinna í vikunni.

4 · Áróður, umræða, fundir

Fundur fólksins

Viðar gerði grein fyrir því að Sósíalístaflokkur Íslands er nú kominn inn á dagskrá Fundar fólksins sem fram fer á Akureyri 8.-9. september. Flokkurinn hefur pláss á dagskrá laugardaginn 9. september klukkan 10:30-11:30 í sal í Hofi sem nefnist Nanna.

Rætt var um bestu leiðina til að búa til dagskrá og halda úti nærveru í nafni flokksins. Gunnar Smári lætur Viðar hafa nöfn á félagsmönnum á Akureyri sem gætu orðið að liði, Viðar fylgir því eftir. Sólveig Anna benti á fólk úr verkalyðshreyfingunni og akademíunni sem verður á staðnum og sem gæti verið upplagt að nota tækifærið að efla tengsl við.

Ásta Dís benti á mikilvægi þess að einhvers konar skilti, barmmerki og þess háttar væru mjög hjálpleg, jafnvel bjóða upp á kaffi. Viðar mun spyrja gjaldkera, Benjamín Julian, hvort fjarrád séu til að fjármagna slíkt. Þá kom fram að Ásta Dís og Laufey verða á staðnum sem fulltrúar Pepp en geta engu að síður mannað vaktir fyrir hönd Sósíalístaflokksins ef til þess kemur. Fram kom að enn eru

eftir bæklingar með stefnu flokksins sem dreift var á stofnfundinum 1. maí og eru þeir í fórum Gunnars Smára.

Fundur m. Mími Kristjánssyni

Viðar sagði frá samskiptum sínum við Mími Kristjánsson, blaðamann og aktivista í Noregi, sem hefur gefið vilyrði um að tala á vegum Sósíalístaflokksins um stöðu vinstristjórn mála í Noregi mánudaginn 4. september. Rætt var um húsnæði (t.d. húsnæði Samtakanna 78 á Suðurgötu, Sjálfsbjargarsalinn í Hátúni, og sal Ásatrúarfélagsins í Síðumúla) og æskilegt fyrirkomulag. Rætt var um að viðburðurinn yrði í nafni Ungra sósíalista. Samþykkt var að stjórnarfundur sem rækist á við slíkan fund yrði á þriðjudagskvöld í það skiptið. Viðar fylgir málinu eftir.